



Vesturbyggð
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 21. desember 2021
Tilv.: ANR21110350/11.02.07

Efni: Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga fiskveiðiárið 2021/2022

Samkvæmt reglugerð nr. 919/2021, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2021/2022, hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra allt að 4.623 þorskígildistonn af botnfiski til ráðstöfunar til byggðarlaga sem falla undir skilyrði a. og b. liðar í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar. Viðkomandi sveitarstjórn er hér með tilkynnt á grundvelli sbr. 5. gr. reglugerðarinnar hversu miklar aflaheimildir koma í hlut hvers byggðarlags innan sveitarfélagsins sem rétt getur átt á úthlutuðum byggðakvóta.

Úthlutun innan sveitarfélagsins verður eftirfarandi:


Byggðarlag	Hlutfall úthlutunar af heildarúthlutun til allra byggðarlaga	Breyting úthlutunar milli ára (í þorskígildistönum)	Úthlutun fiskveiðisins 2021/2022 (í þorskígildistönum)	Úthlutun fiskveiðisins 2020/2021 (í þorskígildistönum)
Bildudalur	1,51%	0	70	70
Brjánslækur	0,32%	0	15	15
Patreksfjörður	0,00%	-15	0	15
Samtals:	1,84%	-15	85	100


Þar sem endanleg úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2021/2022 liggur fyrir er sveitarfélögum því gefinn frestur til **21. janúar** n.k. að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur. Tillögur sveitarfélaga verða síðan til kynningar á vef ráðuneytisins til **31. janúar** og í framhaldinu verða sérreglur fyrir hlutaðeigandi byggðarlög teknar til efnislegrar meðferðar.

Í þeim tilvikum að ekki komi fram óskir um sérreglur innan framangreinds tímafrests mun ráðuneytið beina því til Fiskistofu að auglýsa byggðakvóta fyrir viðkomandi byggðarlög til umsóknar eins fljótt og auðið er. Einnig geta sveitarfélög sent ráðuneytinu staðfestingu á að ekki sé fyrirhugað að leggja fram tillögu að sérreglum og þá mun ráðuneytið beina því til Fiskistofu að auglýsa byggðakvóta til umsóknar í viðkomandi byggðarlögum án tafar.

Bent skal á að til hagræðingar fyrir sveitarfélög þá hefur ráðuneytið tekið saman leiðbeiningar og form til útfyllingar sem mælt er með að sveitarfélög noti vegna tillögu um sérreglur og rökstuðning vegna þeirra og fylgir með í viðhengi. Jafnframt fylgja þær sérreglur sem settar voru og giltu á síðasta fiskveiðiári einnig með í viðhengi til upplýsingar.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra


Benedikt Arnason


Jón Þrándur Stefánsson

Fylgiskj.: Leiðbeiningar vegna tillagna sveitarfélaga um sérreglur vegna byggðakvóta
Auglýsing nr. 271, um (1.) staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á
fiskveiðiarinu 2020/2021